

Föstudaginn 19. apríl 1996.

Nr. 142/1996.

Gústaf A. Níelsson

(sjálfur)

gegn

Landsbanka Íslands

(Garðar Haraldsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 1996, þar sem bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt kröfu varnaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu varnaraðila um gjaldþrotaskipti og honum gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eins og greinir í úrskurði héraðsdómara, var gert árangurslaust fjárnám hjá sóknaraðila 13. nóvember 1995 fyrir kröfu varnaraðila samkvæmt víxli, að fjárhæð 2.000.000 króna, út gefnum af sóknaraðila 28. september 1994, en samþykktum til greiðslu við sýningu af Sólrúnu Árnadóttur. Víxillinn var sýndur til greiðslu 26. maí 1995 og afsagður þann dag vegna greiðslufalls. Í málinu krefst varnaraðili gjaldþrotaskipta á búi sóknaraðila á grundvelli þessa fjárnáms.

Sóknaraðili reisir andmæli sín gegn kröfu varnaraðila á því, að umrædd víxilkrafa sé greidd. Því til stuðnings vísar sóknaraðili til yfirlýsingar Lindar hf. 28. september 1994, þar sem fram kemur, að félagið falli frá öllum kröfum á hendur honum gegn greiðslu á 2.000.000 króna, og til kvittunar lögmanns Lindar hf. sama dag, þar sem viðurkennt er, að Sólrún Árnadóttir hafi greitt sömu fjárhæð vegna skuldar við félagið. Heldur sóknaraðili því fram, að kvittun þessi staðfesti, að víxillinn hafi þá verið greiddur og hann sé því skuldlaus við varnaraðila, sem hefur tekið við rekstri Lindar hf.

Víxillinn, sem varnaraðili reisir kröfur sínar á, ber enga áritun um greiðslu. Fyrrgreind kvittun er dagsett á útgáfudegi víxilsins, og bendir texti hennar á engan hátt til þess, að þar greind fjárhæð hafi verið innt af hendi til greiðslu skuldar samkvæmt honum. Gegn andmælum varnaraðila verður því ekki fallist á, að kvittunin geti talist fullnægjandi sönnun um greiðslu víxilsins. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur með skírskotun til þess, sem greinir um önnur atriði í forsendum hans.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Gústaf A. Níelsson, greiði varnaraðila, Landsbanka Íslands, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 1996.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. þessa mánaðar, var þingfest 7. febrúar síðastliðinn.

Sóknaraðili er Landsbanki Íslands, eignarleiga, kt. 610886-1679, Bankastræti, Reykjavík.

Varnaraðili er Gústaf A. Níelsson, kt. 200553-4549, Hvannarima 10, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta og varnaraðila gert að greiða sóknaraðila málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati dómsins.

Í málinu liggur fyrir ljósrít víxils, að fjárhæð 2.000.000 kr., sem gefinn var út 28. september 1994 af varnaraðila, en samþykktur til greiðslu af Sólrúnu Árnadóttur, kt. 291157-4839. Við fyrirtöku aðfararbeiðni sóknaraðila á hendur varnaraðila 27. október 1995 út af víxilkröfunni lýsti varnaraðili yfir, að hann væri eignalaus, og á grundvelli þeirrar yfirlýsingar var 13. nóvember sama ár gert árangurslaust fjárnám hjá honum að kröfu sóknaraðila. Með bréfi 24. sama mánaðar krafðist sóknaraðili þess, að bú varnaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Af hálfu varnaraðila hefur verið lögð fram „greiðslukvittun“, dagsett 28.

september 1994, þar sem fram kemur, að Sólrún Árnadóttir hafi þann dag greitt 2.000.000 kr. vegna skuldar við Lind hf.

Sóknaraðili reisir kröfu sína um gjaldþrotaskipti á þeirri forsendu, að víxill sá, er málið snýst um, sé ógreiddur. Allar innheimtutílaunir sóknaraðila hafi verið með eðlilegum hætti og hlotið þá meðferð, sem lög geri ráð fyrir. Varnaraðili hafi ekki haldið uppi neinum mótmælum eða rengt réttindi sóknaraðila samkvæmt skjalinu, og þá hafi hann lýst yfir eignaleyzi við fyrirtöku málsins hjá sýslumanni 27. október 1995. Sé því með vísan til 1. t.l. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 krafist, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili mótmælir því, að umræddur víxill sé greiddur, og vísar jafnframt til þess, að málið falli undir 117. gr. laga nr. 91/1991 og engar þær varnir, sem stefndi geti borið fyrir sig samkvæmt 118. gr. sömu laga, eigi við í máli þessu.

Varnaraðili kveður forsögu málsins vera þá, að hann hafi gefið út skuldaþréf til Lindar hf. með veði í fasteign sinni, Logafold 69 hér í borg. Þréf þessi hafi lent í vanskilum og verið gjaldfelld. Nauðungarsala hafi farið fram á eigninni í mars 1994 og Lind hf. verið hæstbjóðandi. Þar sem kröfur sóknaraðila hafi ekki greiðst upp á uppboðinu, hafi verið gengið frá samkomulagi um uppgjör milli aðila. Samkvæmt því hafi sóknaraðili lýst yfir, að hann ætti engar frekari kröfur á hendur varnaraðila, gegn því, að varnaraðili greiddi 2.000.000 kr. Eftir uppgjörið muni sóknaraðili hafa tekið við rekstri Lindar hf. Hafi varnaraðili gefið út tryggingarvixil til tryggingar greiðslu þessari og greiðandi verið Sólrún Árnadóttir. Hún hafi greitt víxilinn og fengið kvittun fyrir þeirri greiðslu.

Varnaraðili mótmælir því, að mál þetta falli undir a-lið 117. gr. laga nr. 91/1991, enda sé ekki um víxilmál að ræða. Gildi því í máli þessu almennar reglur samninga- og kröfuréttar, og geti varnaraðili því komið að vörnum um, að víxillinn sé greiddur, þótt hann hafi ekki verið áritaður um það, enda sé sóknaraðili ekki í stöðu grandlauss þriðja manns.

Við fyrirtöku fjárnámskröfu sóknaraðila hjá sýslumanninum í Reykjavík 27. október 1995 var eftirfarandi bókað: „Fyrir gerðarbeiðanda mætir Benedikt Sigurðsson hdl. Gerðarþoli er sjálfur mættur. Gerðarþola er leiðbeint um réttarstöðu sína og kröfu gerðarbeiðanda. Hann segist ekkert hafa við kröfu gerðarbeiðanda að athuga, en verður ekki við áskorun um að greiða hana. Gerðarþoli upplýsir aðspurður, að hann sé eignalaus. . . . Mættum er kynnt efni þessarar bókunar, sem engar athugasemdir eru gerðar við.“

Enda þótt eigi verði í máli þessu úr því skorið, hvort umræddur víxill sé greiddur eður eigi, verður að telja, að ofangreind bókun, þar sem fram

kemur, að varnaraðili gerði engar athugasemdir við kröfu sóknaraðila við umrædda fyrirtekt hjá sýslumanni, sé til styrktar þeirri fullyrðingu sóknaraðila, að víxillinn sé ógreiddur, þar eð greiðslukvittun sú, er varnaraðili vísar til og að framan greinir, er dagsett rétt tæpu ári áður en bókunin var gerð.

Leggja verður fyrirnefnda fjárnámsgerð, sem var árangurslaus að öllu leyti, til grundvallar við úrlausn máls þessa, enda hefur henni ekki verið hnekk. Hefur varnaraðili því ekki sýnt fram á, að hann sé fær um að standa full skil á skuldbindingum sínum, þegar þær koma í gjalddaga, eða verði það innan skamms tíma. Á sama hátt verður að telja, að ekki sé ástæða til að ætla, að gerðin gefi ranga mynd af fjárhag varnaraðila. Samkvæmt því og með vísan til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. ber að taka til greina kröfu sóknaraðila um, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 25.000 kr.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú varnaraðila, Gústafs Adolfs Níelssonar, er tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili greiði sóknaraðila, Landsbanka Íslands, eignarleigu, 25.000 kr. í málskostnað.
